



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Til allra sveitarfélaga

Reykjavík 26. nóvember 2015

1503023SA KB/km

Málalykill: 130

**Efni: Almannaþingir sveitarfélaga - gerð leiðbeininga um störf
almannaþingarnefnda**

Á fundi stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga sem haldinn var 20. nóvember 2015 var lagt fram minnisblað framkvæmdastjóra og sviðsstjóra lögfræði- og velferðarsviðs sambandsins, dags. 20. október 2015, um leiðbeiningar um störf almannaþingarnefnda.

Í minnisblaðinu er vísað til eftirfarandi ákvæðis í stefnumörkun Sambands íslenskra sveitarfélaga fyrir tímabilið 2014-2018 segir í grein 3.4.25:

Sambandið skal leggja áherslu á að tryggja aðkomu sveitarfélaganna við áætlanagerð í almannaþingum, svo sem við gerð hættumats og viðbragðsáætlana vegna náttúruvár, enda bera sveitarfélögin ábyrgð á gerð viðbragðsáætlana samkvæmt lögum um almannaþingir.

Árið 2014 tókst samstarf við almannaþingadeild Ríkislögreglustjóra og Félag slökkviliðsstjóra um gerð meðfylgjandi leiðbeininga um störf almannaþingarnefnda. Við lokafrágang leiðbeininganna var óskað eftir umsögnum frá nokkrum sveitarfélögum og fleiri aðilum. Aðeins barst ein umsögn og hefur verið tekið tillit til þeirra ábendinga sem þar komu fram.

Stjórn sambandsins samþykkti á framangreindum fundi að kynna leiðbeiningarnar fyrir sveitarfélögum, sem hér með er gert. Ef ekki berast ábendingar um breytingar sem nauðsynlegt er að taka tillit til verður litið svo á að þær gildi óbreyttar sem formlegar leiðbeiningar sem styðji við öflugt almannaþingastarf af hálfu sveitarfélaga.

Það er von þeirra sem komu að gerð leiðbeininganna að þær muni auðvelda þeim sem taka sæti í almannaþingarnefndum að átta sig á hlutverki og verkefnum nefndanna en í leiðbeiningunum er jafnframt leitast við að skýra hlutverk og ábyrgð helstu samstarfsaðila almannaþingarnefnda.

Framangreint tilkynnist hér með.

Virðingarfyllt

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Karl Björnsson

framkvæmdastjóri

LEIÐBEININGAR UM STÖRF ALMANNAVARNANEFNDA

Leiðbeiningar þessar eru unnar í samvinnu Sambands íslenskra sveitarfélaga og almannavarnadeildar ríkislögreglustjóra og er þeim ætlað að veita almannavarnanefndum sveitarfélaga leiðbeinandi starfsramma.

1. Almennavarnanefndir

a. Skipun í nefndir og starfsmenn

- Í hverju sveitarfélagi starfar almannavarnanefnd sem sveitarstjórn skipar og ákveður sveitarstjórnin fjölda nefndarmanna.
- Sveitarstjórn skal skipa í almannavarnanefnd samkvæmt ákvæði sveitarstjórnarlaga um fastanefndir sveitarstjórna eftir sveitarstjórnarkosningar. Skipunartími er 4 ár nema annað sé ákveðið í samþykktum um stjórn viðkomandi sveitarfélags. Senda skal almannavarnadeild ríkislögreglustjóra upplýsingar um skipan nefndarinnar.
- Almennavarnanefnd skal skipuð fulltrúum úr sveitarstjórn og þeim fulltrúum sveitarstjórna sem í starfi sínu sinna verkefnum í þágu öryggis hins almenna borgara. Einnig skal lögreglustjóri þess umdæmis sem sveitarfélagið er í stíja í nefndinni, sbr. 1. mgr. 9. gr. laga nr. 82/2008 um almannavarnir.
- Almennavarnanefnd kys sér sjálf formann, varaformann og ritara.
- Sveitarstjórnir geta ákveðið að fulltrúar viðbragðsaðila sem ekki eiga kjörna fulltrúa í nefndinni eigi áheyrnarfulltrúa. Áheyrnarfulltrúar hafa málfrelsi og tillögurétt.
- Sé starfsmaður ráðinn sérstaklega til almannavarnanefndar stendur viðkomandi sveitarfélag, eða eftir atvikum sveitarfélög, straum af kostnaði við störf hans en jafnframt getur fyrirkomulagið verið þannig að störf í þágu nefndarinnar og seta í henni séu hluti af starfsskyldum starfsmanns sem sinnir jafnframt öðrum verkefnum fyrir sveitarfélagið eða eitt af þeim sveitarfélögum sem standa sameiginlega að nefnd.

b. Hlutverk almannavarnanefnda

- Almennavarnanefndir móta stefnu og skipuleggja starf sitt að almannavörnum í héraði í samræmi við lög um almannavarnir. Jafnframt skal tekið mið af stefnu stjórnvalda í almannavarna- og öryggismálum á grundvelli 3. gr. laga um almannavarnir.¹
- Sveitarfélög og stofnanir á þeirra vegum skulu, í samráði við ríkislögreglustjóra, og lögreglustjóra, kanna áfallaþol í umdæmi sínu. Almennavarnanefndir vinna jafnframt að gerð hættumats og viðbragðsáætlana, í samvinnu við ríkislögreglustjóra og lögreglustjóra í viðkomandi umdæmi.
- Þegar almannavarnarástand ríkir starfar aðgerðarstjórn í héraði samkvæmt 3. kafla þessara leiðbeininga.
- Almennavarnanefndir skulu endurskoða hættumat og framkvæma prófanir á viðbragðsáætlunum í samvinnu við ríkislögreglustjóra, sbr. það sem að framan greinir.
- Almennavarnanefndir tilnefna a.m.k. einn fulltrúa í aðgerðastjórn, sjá nánar 3. lið leiðbeininga þessara. Hlutverk þess fulltrúa er að upplýsa almannavarnanefnd um störf aðgerðastjórnar.

c. Samstarf sveitarfélaga

- Sveitarstjórnnum er heimilt að vinna saman að gerð viðbragðsáætlunar, semja um gagnkvæma aðstoð eða koma á fót sameiginlegri almannavarnanefnd. Sameining almannavarnanefnda eða samstarf þeirra er háð staðfestingu ráðherra, sbr. 3. mgr. 9. gr. laga um almannavarnir.

¹ http://www.innanrikisraduneyti.is/media/blai_bordinn/Almannavarnastefna.pdf

- Æskilegt er að almannavarnanefndir fundi reglulega með nefndum aðliggjandi sveitarfélaga. Það er ekki síst mikilvægt þegar um er að ræða sömu hættur í tveimur eða fleiri aðliggjandi sveitarfélögum.
- Ríkislögreglustjóri hefur yfirumsjón þegar almannavarnanefndir tveggja eða fleiri sveitarfélaga gera viðbragðsáætlun.

d. Nefndafundir og fundargerðir

- Formaður almannavarnanefndar skal boða til funda, eigi sjaldnar en tvisvar á ári. Annan að vori og hinn að hausti og skal senda nefndarmönnum fundarboð með dagskrá með hæfilegum fyrirvara.
- Fundi skal halda oftar ef formaður telur það nauðsynlegt eða ef meirihluti nefndarmanna óskar eftir því.
- Halda skal fundargerðarbók og skulu afrit samþykktra fundargerða send almannavarnadeild ríkislögreglustjóra eigi síðar en tveimur vikum eftir fundi. Almarnavarnadeild staðfestir móttöku á fundargerð og birtir á vef sínum.

2. Hlutverk almannavarnadeildar ríkislögreglustjóra

- Ríkislögreglustjóri hefur eftirlit með almannavörnum sveitarfélags og með gerð hættumats í samráði við almannavarnanefndir.
- Almarnavarnadeild veitir ráðgjöf vegna starfa almannavarnanefnda og fundar með þeim þegar þörf þykir.
- Almarnavarnadeild fer yfir fundargerðir almannavarnanefnda efnislega og bregst við erindum sem beint er til hennar á eins fljótt og auðið er.
- Fulltrúar almannavarnadeildarinnar eru helstu ráðgjafar og samstarfsaðilar í verkefnum sem almannavarnanefndum er falið samkvæmt lögum.
- Fulltrúar almannavarnadeildar skulu hafa samráð við almannavarnanefndir sveitarfélaga við gerð sérstakra viðbragðsáætlana á þeirra svæði.

3. Aðgerða- og vettvangsstjórn

- Fjallað er um aðgerða- og vettvangsstjórn í 11. gr. laga um almannavarnir. Almarnavarnanefnd skal tilnefna a.m.k. einn fulltrúa í aðgerðastjórn, sbr. lið 1.b. í leiðbeiningum þessum.
- Stjórn aðgerða í héraði, þegar almannavarnaástand ríkir, er í höndum lögreglustjóra í viðkomandi lögregluumdæmi. Hann situr í aðgerðastjórn ásamt fulltrúa almannavarnanefndar, fulltrúa Slysavarnafélagsins Landsbjargar, fulltrúa Rauða kross Íslands, hlutaðeigandi viðbragðsaðila, sbr. viðbragðsáætlun, svo og öðrum hlutaðeigandi aðilum sem tengjast aðgerðum hverju sinni.
- Aðgerðastjórn starfar í samvinnu við samhæfingar- og stjórnstöð. Í stjórn aðgerða felst m.a. skipulag björgunar- og hjálparstarfa vegna hættu eða tjóns sem getur eða hefur skapast og að stýra neyðaraðgerðum í samvinnu við samhæfingar- og stjórnstöð.
- Lögreglustjóri tilnefnir vettvangsstjóra er fari með stjórn og samhæfingu á vettvangi.

4. Kostnaður

- Kostnaður vegna verkefna sveitarfélaga á grundveili laga um almannavarnir greiðist af sveitarfélögum, sbr. 1. mgr. 32. gr. laganna. Er þar um að ræða þær greinar laganna sem fjalla um skipulag almannavarna í héraði, sbr. IV. kafla, þ.m.t. aðgerða- og vettvangsstjórn í héraði, og þær sem fjalla um gerð viðbragðsáætlana, sbr. VI. kafla laganna.
- Ef sveitarfélög hafa samstarf um skyldur sínar skv. lögnum skal skipta kostnaði á milli þeirra samkvæmt íbúatölu, sbr. 2. mgr. 32. gr. laganna, eða öðrum reiknireglum sem samkomulag verður um.